

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 145/2020

frá 25. september 2020

um breytingu á Bókun 31 (um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 86. gr. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Skv. 6. mgr. 4. gr. Bókunar 31 skulu samningsaðilar hvetja til viðeigandi samstarfs milli þar til bærna samtaka, stofnana og annarra aðila á yfirráðasvæðum sínum þar sem slíkt gæti stuðlað að því að styrkja og víkka út samstarfið. Á þetta einkum við um málefni sem heyra undir starfsemi Evrópumíðstöðvar um þróun starfsmenntunar (CEDEFOP).
- 2) Rétt er að í stað vísunar til reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 337/75, sem er að finna í Bókun 31 við EES-samninginn, komi vísun til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/128 frá 16. janúar 2019 um að koma á fót Evrópumíðstöð fyrir þróun starfsmenntunar (Cedefop), og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 337/75 ⁽¹⁾.
- 3) Bókun 31 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta í neðanmálgrein (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 337/75) í 6. mgr. 4. gr. Bókunar 31 við EES-samninginn:

„**32019 R 0128**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/128 frá 16. janúar 2019 um að koma á fót Evrópumíðstöð fyrir þróun starfsmenntunar (Cedefop), og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 337/75 (Stjtið. ESB L 30, 31.1.2019, bls. 90).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/128, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 30, 31.1.2019, bls. 90.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.